



1518. stjórnarfundur

Skautahöllinni í Laugardal
16.11.2011, kl. 12:00

Frímann Ari Ferdinandsson

1. Fundargerð 1517. fundar

Samþykkt.

2. Skautahöllin í Laugardal - kynning

Hilmar Björnsson forstöðumaður fylgdi stjórnarfólki um mannvirkið og fór yfir helstu þætti varðandi m.a. hönnun, skipulag, tækjakost og fjármál. Hann vakti sérstaka athygli á blikum á lofti í rekstrinum vegna hækkunar á ýmsum kostnaðarliðum og minni tekjum vegna m.a. samdráttar í aðsókn skóla og almennings.

3. Áheyrnarfulltrúar ÍTR.

Eva Einarisdóttir er aðalfulltrúi og Steinþór Einarsson til vara.

4. Formannafundur ÍSÍ.

Formaður greindi frá fundinum þar sem aðalumræðuefnið var sérstaklega erfið fjárhagsstaða sambanda og félaga. Í því sambandi m.a. rætt um nýlegan samstarfssamning HSV og Ísafjarðarbæjar þar sem HSV tekur að sér aukna þjónustu við sveitarfélagið. Einnig rætt um 100 ára afmælisár ÍSÍ.

5. Erindi keiludeildar ÍR

Lagt fram.

6. Skýrsla Rannsóknar og greiningar, Ungt fólk 2010 – grunnskólanemar í 5.-7.bekk

Lögð fram.

7. Erindi ÍTR vegna Alþjóðaleika ungmenna 2012.

Vísað til afreksíþróttasviðs.

8. Ályktun Skíðaráðs Reykjavíkur vegna snjóframleiðslu í Bláfjöllum og Skálafelli

Lögð fram.

9. Önnur mál

- Samþykkt að Reynir Ragnarsson verði áfram endurskoðandi ÍBR.
- Athygli vakin á að vinnustaðakeppni ÍSÍ, Lífshlaupið, sem er ávallt í upphafi árs, sé tilvalinn vettvangur fyrir íþróttafélög að ná til almennings. Talað verði við ÍSÍ og í framhaldinu verði þessi möguleiki sérstaklega kynntur félögum.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 13:15.

Gígja Gunnarsdóttir
fundarritari